

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 798 24. nóvember 1981.

*Íðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

#### I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald .....	4,00 kr/kWh.
1.2 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald .....	1,23 kr/kWh.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.	
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	20,70 kr/m <sup>2</sup> á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi .....	7,75 kr/m <sup>2</sup> á ári
1.3 Til götulýsingar.	
Orkugjald .....	1,23 kr/kWh.
1.4 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar nótunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald .....	2,00 kr/kWh.

#### 2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1 Til heimilisnotkunar.	
Orkugjald .....	0,93 kr/kWh.
Fastagjald af hverju herbergi .....	83,50 kr. á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m <sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, en 25 m <sup>2</sup> eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m <sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.	
2.2 Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu teki fasttengd.	
Orkugjald .....	0,93 kr/kWh.

**3. Vélanotkun o. fl.**

## 3.1 Til véla o. fl.

Orkugjald ..... 2,00 kr/kWh.  
 Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2, en þriðjungi lægra.

## 3.2 Til véla o. fl.

Orkugjald ..... 0,32 kr/kWh.  
 Aflgjald, lágmark 2 kW ..... 3 213,00 kr. á ári  
 Aflgjald, umfram 2 kW ..... 1 071,00 kr/kW á ári  
 Gjaldskvæmt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.  
 Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2 og lágmarksafgjald af 20 kW.

## 3.3 Til véla.

Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Orkugjald ..... 0,32 kr/kWh.  
 Aflgjald, lágmark ..... 2 991,00 kr. á ári  
 Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW ..... 850,00 kr. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur viðkomandi rafveita krafist að hann sé hækkður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra tiltekinn tíma sólarhrings.

**4. Hitun.**

## 4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald ..... 0,76 kr/kWh.

4.2 Til húshitunar, roftími  $2 \times 1\frac{1}{2}$  klst á dag.

Orkugjald ..... 0,33 kr/kWh.

## 4.3 Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald ..... 0,20 kr/kWh.

## 4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.

Orkugjald ..... 0,37 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:*

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum viðkomandi rafveitu.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

- c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem viðkomandi rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum viðkomandi rafveitu, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. MÆLALEIGA.

Viðkomandi rafveita ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 68,00
Orkumælir, þrífasa .....	kr. 150,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	kr. 371,00
Aflmælir .....	kr. 350,00
Aflmælir með straumspennum .....	kr. 557,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

## III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	4 893,00	160,00	1 511,00
3 × 63	5 278,00	160,00	2 070,00
3 × 100	6 295,00	180,00	2 665,00
3 × 200	10 020,00	244,00	
3 × 315	21 110,00	333,00	
3 × 400	29 500,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	48 968,00	—	
3 × 1200	78 373,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt, að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum viðkomandi rafveitu um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 1 085,00	3 × 63 A kr. 1 464,00.
-----------------------	------------------------

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

**Ýmis ákvæði.**

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 550,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 91,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 799 24. nóvember 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

24. febrúar 1982.

Nr. 131.

**GJALDSKRÁ****Rafveitu Keflavíkur.****I. RAFORKA.**

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

- 1.1 Um kWst.-mæli á 4,93 kr. hver kWst.
- 1.2 Um kWst.-mæli á 2,03 kr. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 21,00 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

- 2.1 Um kWst.-mæli á 1,24 kr. hver kWst.

**C. Vélanotkun.**

- 3.1 Um kWst.-mæli á 2,74 kr. hver kWst. Hafi vélnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 491,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 1,12 kr. hver kWst.
- 3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a. Um kWst.-mæli á 0,79 kr hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegis- og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélagagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
  - b. Um tvígjaldsmæli á 4,68 kr. hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 0,87 kr. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 1 010,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess 0,54 kr. á notaða kWst.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
 

Um mæli á 662,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 0,54 kr. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.